

Ráðstefna um íslenska þjóðfélagsfræði

Ísafirði 8. - 9. apríl 2011

Lýsingar á erindum.

Inngangsfyrirlestur

Þorgerður Einarsdóttir, Háskóla Íslands

Hvað hrundi í hruninu? Um endursköpun valdatengsla og möguleika til breytinga

Þjóðhverfar karlmennskuhugmyndir um eðlislæga áhættusækni og meinta yfirburði íslenskra karla mynduðu hugmyndafræðilega réttlætingu fyrir þá þróun sem hér varð á árunum fyrir hrun. Ráðandi karlmennskuhugmyndir, sem í senn byggjast á samkeppni og samtryggingu, ýttu fjármálakerfi landsins út á ystu nöf og í raun fram af brúninni. En hvað hrundi í hruninu og hvernig tekst þjóðfélagið á við afleiðingarnar? Hefur umræða um þörf á uppstokkun kynjaðra valdatengsla og uppgjöri við karlhverfan mannskilning og samfélagssýn leitt til breytinga? Hafa hugmyndir um aukna möguleika kvenna til áhrifa í samfélaginu gengið eftir? Hvernig hafa hugmyndir og orðræður um áhrif breyst frá því fyrir hrun? Erindið byggist á nýjum gögnum um viðhorf til áhrifa kvenna í viðskiptalífinu og hvernig þau hafa breyst á síðustu þremur árum.

Málstofa: Efnahagslíf þjóðarinnar

Stefán Hrafn Jónsson, Lýðheilsustöð

Er íslenska þjóðin að ganga í gegnum sorgarferli?

Eftir hrun íslenska bankakerfisins haustið 2008 var nokkuð rætt um að íslenska þjóðin væri að ganga í gegnum sorgarferli og haft á orði að ferlið gæti tekið nokkur ár. Sorgarferli einstaklinga er oft lýst sem röð tilfinninga- viðbragða þar sem líðan fólks einkennist af doða og afneitun, síðan reiði, þá þunglyndi og loks sátt. Ljóst er að þekking á sorgarferlinu getur flýtt fyrir að einstaklingar nái að vinna úr sorginni en ekki er ljóst hvort samlíking við sorgarferlið sé gagnleg fyrir þjóð sem glímur við afleiðingar banahruns. Í fyrirlestrinum verður farið yfir þær niðurstöður rannsókna Lýðheilstöðvar sem snúa að andlegri líðan Íslendinga fyrir og eftir hrun bankanna með hliðsjón að sorgarferli einstaklinga.

Guðmundur Ævar Oddsson

Stéttleysi - sjálfsgöð sannindi?

Í þessari rannsókn sýni ég fram á hvernig gagngerar breytingar á félagsgerð og menningu frá miðjum 9. áratugnum breyttu því hvernig Íslendingar hugsa um stéttaskiptingu. Nánar tiltekið, held ég því fram að umræddar breytingar hafi grafið undan hugmyndinni um stéttleysi Íslands, löngum sjálfsgöð sannindi meðal þorra landsmanna. Kenningarminn sem ég styðst við er fenginn frá Pierre Bourdieu og gögnin sem liggja til grundvallar eru fréttir og greinar úr gagnasafni Morgunblaðsins. Gögnin nálgast ég með s.k. „orðræðuraki“ (e. tracking discourse) (Altheide, 1996). Tímabilið sem ég tek fyrir er frá 1986 til 2007. Þessi rannsókn er hluti af viðameira verkefni þar sem ég tek fyrir tímabilið 1986-2011. Afar líklegt verður teljast að efnahagshrunið og núverandi kreppa hafi haft afgerandi áhrif á hugmyndir Íslendinga um stéttaskiptingu. Hins vegar er ástæða til að skoða tímabilið fram að efnahagshruninu sérstaklega og er það ætlun fyrri hluta umrædds verkefnis og þeirrar rannsóknar sem hér um ræðir.

Jón Gunnar Bernburg, Háskóla Íslands

Lífskjaradreifing

Almenn sátt meðal almennings um dreifingu lífskjaranna er eftirsóknaverð fyrir þjóðfélagið, enda skapar sátt um þetta málefni tilfinningu meðal borgaranna um að þeir búi í réttlátu þjóðfélagi sem styrkir hollustu þeirra við stofnanir þess. Sátt um dreifingu lífskjara er þó ekki auðfengin, enda mótast viðhorf almennings til ójöfnuðar af ákveðinni togstreitu sem einkennir menningu nútímalegra lýðræðisríkja. Annars vegar er sú skoðun útbreidd að ójöfnuður í dreifingu lífskjara sé nauðsynlegur til þess að unnt sé að verðlauna þá einstaklinga sem sýna færni og dugnað. Á hinn bóginn er það hugmyndafræðileg undirstaða velferðaríkisins að líta svo á að dreifing lífskjara eigi ekki að vera háð verðleikaræði einvörðungu heldur beri þjóðfélaginu að tryggja að allir þegar þess búi við ákveðin lágmarks lífskjör; að lífskjör þeirra lægst settu séu ekki of langt undir þeim lífskjörum sem útbreidd eru í þjóðfélaginu. Í erindi mínu mun ég kynna niðurstöður úr nýrri könnun á viðhorfum almennings á Íslandi til tekjujöfnuðar. Markmiðið er að skoða hvaða hugmyndir Íslendingar hafa um núverandi tekjujöfnuð og hversu mikinn tekjujöfnuð þeir telja vera æskilegan.

Ómar H Kristmundsson, Háskóla Íslands

Er þörf á heildarlöggjöf um starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana á Íslandi?

Fyrirlesturinn fjallar um niðurstöður greiningar á núverandi löggjöf félagasamtaka og sjálfseignarstofnana á Íslandi og þörf á breytingum. Í kjölfar efnahagshrunsins hefur mikilvægi hins svonefnda þriðja geirans sem þessir aðilar falla undir aukist. Einnig hafa á síðustu árum komið upp mál sem benda til að opinberu eftirliti með félagasamtökum sé ábótavant. Af þessum ástæðun er talið brýnt að skoða hvort gera þurfi breytingar á núverandi laga- og regluumhverfi þannig að geti sinnt betur núverandi hlutverki sínu í samfélaginu.

Ólafur Ísleifsson, Háskólanum í Reykjavík

Brotalamir í lífeyriskerfinu

Óviða nema eignir lífeyrissjóða hærra hlutfalli af landsframleiðslu en hér á landi. Sjóðirnir falla í tvo meginflokka, sjóði með og án ábyrgðar launagreiðenda. Lífeyrissjóðir hins almenna vinnumarkaðar falla í seinni flokkinn. Lífeyrissjóðir starfsmanna hins opinbera njóta að nokkru leyti ábyrgðar launagreiðenda. Allir kljást lífeyrissjóðirnir við afleiðingar efnahagshrunsins, stórfellt eignatjón og þrönga fjárfestingarkosti í lokuðu hagkerfi. Hætta er á samfélagslegum árekstrum vegna ólíkra réttindakerfa og mikilla óuppgerðra skuldbindinga sem hvíla á opinberu sjóðunum. Brotalamir blasa við í lífeyriskerfinu og skapa brýn og aðkallandi vandamál sem leysa þarf úr.

Málstofa: Sögur og merking

Brynhildur Þórarinsdóttir, Háskólanum á Akureyri

Nonni litli á Hrafnseyri hittir nútímabörn

Í ár eru 200 ár síðan Jón Sigurðsson fæddist á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Á mörgum stöðum lifir Jón enn góðu lífi, það er vitnað í hann á Alþingi og á elliheimilum, í leiðurum blaða og á bloggsíðum þar sem meira að segja er tekist á um viðhorf hans til málefna 21. aldar. Í slíkum skrifum er gengið út frá því sem vísu að lesendur þekki Jón, þ.e. að til sé einhver sameiginleg vitneskja um Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbaráttuna. Það er þó afar ólíklegt að slík vitneskja tilheyri öllum aldurshópum enda hefur ekkert barnvænt lesefni verið til um Jón fyrir utan einstaka kennslubækur. Í erindinu verður fjallað um það hvort Jón Sigurðsson eigi erindi til nútímabarna og hvort hægt sé að vekja áhuga ungra lesenda á honum og þjóðfélagsumróti 19. aldar. Höfundur fjallar um tvö ný verkefni þar sem Jón er kynntur fyrir börnum, sýninguna Óskabarn í Þjóðmenningarhúsinu, og væntanlega barnabók með sama titli. Í þessum verkefnum er litið á líf og störf Jóns út frá sjónarhóli barna og rætt um lítinn strák á vestfirskum draugaslóðum, búðarsvein og biskupsritara í smábænum Reykjavík og stúdent og stjórnálamann í stórborginni Kaupmannahöfn. Höfundur hefur langa reynslu af matreiðslu menningararfs fyrir börn og setur sögu Jóns í samhengi við aðrar fortíðarsögur sínar handa börnum. Í augum barna eru 200 ár nefnilega heil eilífið. Fortíðin er þeim jafnfjarlæg og framandi heimsálfa, hvort sem um er að ræða 19. öld eða víkingatímamann. Til að fanga athygli barna og vekja áhuga þeirra á efninu þarf að byggja brýr milli menningarheima sem opna börnunum leið inn í samfélag fortíðarinnar. Tengja þarf saman fortíð og nútíð; í þessu tilfelli byltingar 19. aldar og barnaherbergi 21. aldar.

Kristín Loftsdóttir, Háskóla Íslands

Deilurnar um bókina Negrastrákarnir: Fjölmenningarlegt samfélag og kynþáttahygga á Íslandi

Auknum fjölda fólks af erlendum uppruna á Íslandi síðastliðinn áratug hefur verið fylgt eftir með umræðum um hvað fjölmenningarlegt samfélag þýðir og hvað það eigi að þýða (sjá umræðu Unnar Dísar Skaptadóttur og Kristínar Loftsdóttur, 2009). Deilurnar um endurútgáfu bókarinnar Negrastrákarnir árið 2007 er trúlega ein heitasta umræðan sem verið hefur um málefni tengd fjölmenningu héraðs, en um nokkurra daga skeið voru umræður um bókina fyrirferðarmiklar í öllum fjölmiðlum landsins. Í umfjöllun minni mun ég skoða deilurnar um endurútgáfu bókarinnar. Í fjölmiðlum snérust deilurnar að einhverju leyti um hvort rétt eða æskilegt hafi verið að endurútgæfa bókina og hvort bókinn sjálf fæli í sér kynþáttafordóma. Umræður um bókina og átök um skilning á grunn-hugtökum, eins og kynþáttafordómum, endurspeglar ólíkan skilning á hvað fjölmenningarlegt samfélag á Íslandi þýðir og hvað það eigi að þýða. Greining á umræðum tengdum endurútgáfu bókarinnar endurspeglar að umræðurnar vísa bæði til alþjóðlegrar og staðbundinnar umræðu.

Hafdís Ingvarsdóttir, Háskóla Íslands

Narratífur og lífssögur innan menntunarfræða og annarra þjóðfélagsfræða

Í fyrirlestrinum er ætlunin að fjalla um þá tegund eigindlegra rannsókna sem nefnast narratífur (narratives) og lífssögur (life histories). Narratífur eru notaðar hér sem samheiti yfir allar rannsóknir sem fela í sér að grunnöggnin eru frásögn - ekki endilega ævifrásögn sem er þó kjarni lífssögurannsóknar. Narratífur hafa mjög verið að ryðja sér rúms undanfarin ár einkum innan menntunar- félags- og heilbrigðisvísinda. Þessi rannsóknahefð er þó fremur lítt þekkt hér á landi. Gert verður grein fyrir forsögunni og rætt verður um heimspekilegar og þekkingarfræðilegar forsendur narratífunnar, stöðu rannsakandans og samvinnu hans og þátttakenda. Rætt verður að hvaða leyti þessi tegund rannsókna greinir sig frá öðrum rannsóknum innan eigindlegrar rannsóknarhefðar og lykilhugtök sem tilheyra rannsóknarhefðinni verða kynnt og rædd. Enn fremur verður rætt um hvernig spurningum þessar aðferðir geta helst svarað og gefin dæmi. Loks verða sýnd dæmi um íslenskar narratífu- og lífssögurannsóknir, markmið, aðferðir og greiningu.

Guðrún Svava Guðmundsdóttir

Mismunandi birtingarmyndir náttúru og umhverfis í fjölskylduljósmyndum og markaðssetningu

Í markaðssetningu á landi og þjóð hefur náttúran verið miðlæg, hún sett fram sem „ósnert“ eða „hrein“. Verkefnið er liður í gagnrýni á það vald sem felst í staðalmyndarsköpun af landi og þjóð og hvernig umræða fræðimanna hefur einskorðast við þessa staðalmynd og fest hana enn frekar í sessi. Skoðuð er birtingarmynd náttúrunnar á fjölskylduljósmyndum frá Bolungarvík og hún borin saman við þá staðalmynd sem dregin hefur verið upp af Íslandi og Íslendingum til landkynningar. Stuðst er við rannsóknaraðferðir eigindlegra rannsókna. Helstu gögn rannsóknarinnar eru unnin upp úr þátttökuathugun, djúpvíðtölum samfara ítarlegri skoðun fjölskyldualúbúma og öðrum gögnum eins og opinberum skýrslum, dagblaðagreinum og öðrum heimildum. Í greiningu gagnanna er birtingarmynd náttúrunnar skoðuð og hvaða umhverfisþættir koma fram í fjölskylduljósmyndum og hverjir ekki. Leitað er svara við því af hverju sumir hlutar umhverfisins verða sýnilegir en aðrir verða nánast ósýnilegir. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að munur sé á birtingarmynd náttúrunnar á fjölskylduljósmyndum og ljósmyndum sem notaðar eru til landkynningar. Á fjölskylduljósmyndum er náttúran ekki sett fram sem „hrein“ eða „ósnert“, þær eru hluti af reynsluheimi fólks, samfélagi þess og því umhverfi sem samfélagið er í. Einnig benda niðurstöður til að þeir umhverfisþættir sem fólki stafar ógn af, birtast lítið í fjölskyldualúbúnum og að tiltekin fjarlægð verði að vera við ógnir náttúrunnar svo fegurðar hennar sé notið.

Málstofa: Félagslegur stuðningur

Svala Guðmundsdóttir, Háskóla Íslands

Aðlögun erlendra nema við HÍ að íslenskri menningu

According to the cultural literature, societies are composed from many different culturally dissimilar countries (Hofstede, 2001; House et al., 2004) and research has indicated that individuals differ in their effectiveness to adapt to new cultural contexts (Kim & Slocum, 2008; Peltokorpi, 2008). While the multidimensional view of adjustment has advanced, there still remain many gaps in understanding the diverse factors affecting individual adjustment to new cultures. The purpose of this paper is to examine whether there is a difference in the level of adjustment in relation to individual nationality. Nationality was clustered into cultural groups defined by House et al. (2004). This quantitative research made use of questionnaires that were sent to international students studying at the University of Iceland in January 2011. The results indicate that there is a statistical difference

between groups of nationality in relation to adjustment and that Nordic students seem to adjust better than other national groups.

Hervör Alma Árnadóttir, Háskóla Íslands

Hvernig má styðja ungt fólk sem býr við félagslega erfiðleika til náms?

Almenn menntun ungs fólks er viðurkennd sem mikilvægur þáttur í velferð samtímans. Hér á landi virðast færri ljúka framhaldsskólaprófi eða sambærilegri menntun en víðast hvar í nágrannalöndum. Ákveðinn fjöldi ungmenna virðist eiga erfitt með að sækja framhaldsskólanám vegna lítils stuðnings frá heimili. Til þess að bæta megi úr þessari stöðu er mikilvægt að skoða hvaða stuðning ungt fólk sem býr við félagslega erfiðleika telji sig þurfa til að stunda nám á framhaldsskólastigi. Eigindleg rannsókn og stefnugreining var gerð sumarið 2010 til þess að auka þekkingu á því hvaða stuðning stofnanir og félagssamtök bjóða ungu fólki sem býr við félagslega erfiðleika og vill stunda nám og hvað ungt fólk í þessari stöðu telur sig þurfa. Niðurstöður benda til þess að ákveðinn stuðningur sé til staðar fyrir ungmenni sem búa við félagslega erfiðleika. Auka mætti notendasamráð við ungt fólk þegar úrræði þeim til handa eru búin til.

Sveinn Eggertsson, Háskóla Íslands

Um sálfræðilega matsgerð í forræðisdeilu.

Á undanförunum árum hefur verið nokkur umræða um stöðu feðra í forræðisdeilum á Íslandi, meðal annars í sambandi við væntanlegar breytingar á lögum um forræði. Erindi mitt fjallar um mikilvægan þátt í slíkum deilum, hina sálfræðilegu matsgerð, sem dómari í slíkum málum byggir að miklu leyti úrskurð sinn á. Ég leita svara við þeirri spurningu að hve miklu leyti slík matsgerð getur talist hlutlaus, hvort greina megi að ríkjandi orðræða samfélagsins og menningarleg mótun þess sem framkvæmir slíka athugun geti haft afgerandi áhrif á niðurstöðuna.

Anni G. Haugen, Háskóla Íslands

Samvinna barnaverndar við skóla við gerð áætlana um meðferð máls

Upphaf barnaverndarmáls er könnun á aðstæðum og umönnun barns. Leiði könnun í ljós að þörf sé á stuðningi við barnið og foreldra á grundvelli barnaverndarlaga ber að gera skriflega áætlun um meðferð málsins. Áætlunina á að vinna samvinnu við foreldra og eftir atvikum barn sem orðið er 15 ára. Hafa skal ákveðið samráð við yngri börn um gerð áætlunar en taka þarf mið af aldri þeirra og þroska. Barnaverndarnefnd skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila við gerð og framkvæmd áætlunar og í samvinnu við foreldra leitast við að koma slíku samstarfi á. Markmiðið með gerð áætlunar er m.a. að ákvarða þann stuðning sem er líklegur til að aðstoða fjölskylduna og barnið og hvert framlag hinna ólíku aðila sem að málinu koma eigi að vera. Á málstofunni verður sagt frá rannsókn sem gerð hefur verið um það á hvern hátt áætlanir eru unnar og hvort og þá hvernig börn og foreldrar koma að gerð hennar. Niðurstöðurnar sýna m.a. að barnaverndarstarfsmenn telja starfsmenn skóla hafa mikilvægu hlutverki að gegna í stuðningi við börnin en koma í afar fáum tilvikum að gerð hennar og hafa fáa möguleika til að hafa áhrif á hana.

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Háskólanum í Reykjavík

Umfjöllun um afbrot barna á opinberum vettvangi

Hvaða áhrif hefur opinber umfjöllun um afbrot barna á líf þeirra og líðan? Samkvæmt barnaverndarlögum eru einstaklingar börn til 18 ára aldurs. Lögin miða að því að vernda börn m.a. fyrir neikvæðum afleiðingum eigin gjörða. Spyrja má hversu víðtæk sú vernd á að vera, m.a. hvort ekki væri eðlilegt að hún tæki til þess að draga eins og unnt er úr neikvæðum afleiðingum gjörða þeirra, þannig að þau þurfi ekki að gjalda til frambúðar fyrir barnabrek sín, m.a. fyrir afbrot sem þau hafa framið. Þeim mun alvarlegri sem brotin eru, því lengur loðir stimpillinn við viðkomandi og hefur meiri áhrif á framtíðarmöguleika hans.

Fyrr á öldum vorum afbrotamenn brennimerktir. Brennimerkingin gegndi hlutverki minnismarkis um brot viðkomandi. Afbrotamenn fá auðveldlega á sig stimpil, ekki síst ef einstaklingur „byrjar ungar í afbrotum“. Innan afbrotufræðinnar hafa verið gerðar rannsóknir á áhrifum *stimplunar* á líf einstaklinga, sem hafa leitt í ljós margvíslegar neikvæðar afleiðingar á sjálfsmynd viðkomandi og á viðmót annarra í hans garð. Varpa má fram þeirri spurningu hvort rök séu fyrir því, út frá stimplunarkenningum afbrotufræðinnar og barnaverndarsjónarmiðum, að sett verði í lög bann við nafn- og myndbirtingum á opinberum vettvangi þegar börn eru grunuð eða er sek um afbrot. Einkum er spurningin áleitin í litlum samfélögum eins og á Íslandi.

Inngangsfyrirlestur

Ágúst Þór Árnason, Háskólanum á Akureyri

Sjálfstæð þjóð þarf sjö háskóla

Af hverju er ekki bara einn háskóli í hverju landi? Af hverju höfum við komið á fót tugum framhaldsskóla og enn fleiri grunnskólum á meðan iðn- og tækniskólar eru teljandi á fingrum annarrar handar? Af hverju kvörtum við yfir samdrætti og skort á fjölbreytni í fjölmíðlum? Hvers vegna köllum við eftir gagnrýnni hugsun þegar allt virðist komið í óefni? Við þessum spurningum geta verið margvísleg svör, sum augljós en önnur langsótt eða lítið rædd. Þegar Íslendingar hófu frelsisbaráttu sína um miðja 19. öld var helsta markmiðið að fá ráðið eigin málum og að Ísland yrði skilgreint sem sérstakt ríki en ekki hluti Danmerkur. Þeir sem börðust fyrir auknu frelsi Frónbúa voru ekki í vafa um að þeir sem byggðu eyjuna væru Íslendingar en ekki Danir. Næst á eftir því að fá framkvæmdavaldið inn í landið, sjálfan Íslandsráðherrann, var að koma á fót háskóla sem útskrifað gæti embættismenn til að stýra þjóðarskútunni og byggja upp samfélag sem stæðist nágrönnum okkar sunning. Í ólgusjó 20. aldarinnar virðist sú spurning aldrei hafa vaknað hvort þessi eini háskóli, Háskóli Íslands, nægði til að Íslendingar stæðu undir nafni sem sjálfstæð þjóð. Engum virtist detta hið augljósa í hug, nefnilega að einn háskóli getur ekki nægt þjóð sem vill gera sig gildandi meðal annarra þjóða: „Sjálfstæð þjóð þarf sjö háskóla.“ Í erindi mínu er ætlunin að færa rök fyrir þessari staðhæfingu og velta vöngum yfir skorti á umræðu um nauðsynlegan fjölda háskóla í fullvalda ríki.

Málstofa: Háskólar á landsbyggðinni

Peter Weiss, Háskólasetri Vestfjarða

Jákvæð mismunun háskólastarfs á svokallaðri landsbyggð

Háskólastarfsemi á landsbyggðinni á væntanlega að uppfylla eitthvert hlutverk. Þetta hlutverk þarf að skilgreina, skilgreiningin þarf að vera mælanleg og samanburðarhæf og þarf fjármagn til byggðaþróunar fylgja þeirri starfsemi í þeim mæli sem hún uppfyllir fyrirfram tilgreindu væntingar.

Ef væntingin skyldi vera sú að háskólastarfsemi efla byggð til að stemma stígu við neikvæða byggðaþróun, þarf að sameinast um mælikvarða hvernig að meta áhrif háskólastarfsemi á byggðaþróun. Bein hagræn áhrif, t.d. aukning íbúafjölda, er auðmælanleg, samtenging þekkingaröflunar og þekkingaryfirfærslu á staðnum er töluvert erfiðari að mæla og bætt ímynd svæðisins kann að vera illmælanleg.

Loks þarf að svara spurningu, í hvaða landsbyggð háskólastarfið nýtist best til að uppfylla sitt setta hlutverk og hvar mest er þörf fyrir. Mælanlegir staðlar munu leiða í ljós, hvar mesta efling byggðar kemur út fyrir peninga og þangað þurfa byggðaþróunarpeningar að fara. Óþarfa að segja að þetta ætti að vera hlutur landsáætlunnar.

Guðrún Helgadóttir, Háskólanum á Hólum

Staðsetning háskóla - skiptir hún máli?

Í þessum fyrirlestri vil ég nota tækifærið og velta því fyrir mér í fyrsta lagi hvort staðsetning háskólastofnunar skipti máli og líta þá bæði á rök með og á móti þeirri fullyrðingu að það skipti máli hvar háskóli er staðsettur. Þá vil ég skoða nánar rökkin með því að staðsetning í tíma og rúmi sé mikilvæg og þá í hverju það mikilvægi felst, fyrir hverja og hvaða hagsmuna þeir hafa að gæta. Þessar vangaveltur verða svo tengdar hugmyndum um hlutverk og gildi háskóla í samtímanum, sem vonandi leiðir til niðurstöðu um hvaða atriði skipta máli þegar rætt er um staðsetningu háskóla.

Jón Ólafsson, Háskólanum á Bifröst

Róttækur háskóli

Hvert er hlutverk háskólans í samfélaginu? Er hann miðstöð sérhæfðrar þjálfunar, útungunarstöð þrautþjálfara sérfræðinga? Er hann vettvangur nýsköpunar og rannsókna í vísindum og fræðum? Er hann vettvangur umræðu og gagnrýni sem beinist að samfélaginu ekki síður en að sérhæfðari vísindalegum spurningum? Í fyrirlestrinum er því haldið fram að háskólinn hljóti að hafa fjölbætt hlutverk þar sem og að það sé eðlilegt ástand að innan hans ríki togstreita og ágreiningur um fræðileg og pólitísk sjónarmið. Háskólinn þarf að vera róttækur en það þýðir að hann þarf að vera opinn vettvangur og jafnframt að stefnumótun háskóla hlýtur að vera ólík stefnumótun fyrirtækja og stofnana. Háskólinn er líkari samfélagi en fyrir tæki.

Anna Guðrún Edvardsdóttir, Háskóla Íslands / Náttúrustofu Vestfjarða

Háskólamenntun og byggðapróun

Í doktorsritgerð minni verða tengsl háskólamenntunar og byggðapróunar skoðuð, þ.e. sú menntunarlegu, samfélagslegu og pólitísku orðræðu sem birtist þegar rætt er um eflingu háskólamenntunar á landsbyggðinni frá árinu 1990 og til dagsins í dag. Ég skoða hvort og þá hvaða þættir það eru í uppbyggingu háskólamenntunar á landsbyggðinni sem hafa áhrif á byggðapróun auk sjálfbærni samfélaga. Mikilvægt er að slík rannsókn sé gerð því þrátt fyrir mikla uppbyggingu háskólamenntunar á landsbyggðinni er fólksfækkun enn til staðar og því hef ég spurt mig hver þáttur háskólamenntunar á landsbyggðinni í byggða- og atvinnuþróun sé í raun og veru.

Ég tek viðtöl við einstaklinga sem starfa í háskólageiranum, kennara, stjórnendur og nemendur á landsbyggðinni, pólitísk kjörna fulltrúa, þ.e. sveitastjórnarmenn, alþingismenn, ráðherra auk starfsmanna ráðuneyta og stofnana á vegum ríkisins er starfa á sviði háskóla- og byggðamála bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Þá skoða ég og greini ýmis opinber gögn stjórnvalda og háskólastofnana á þessu tímabili. Einnig ber ég saman háskólamenntun og byggðapróun í Skotlandi við Ísland, því aðstæður er svipaðar og hér á landi. Haustið 2010 var ég í rannsóknarleyfi og dvaldi við Lews Castle College á Isle of Lewis í Skotlandi en sá skóli er hluti af University of Highlands and Islands. Um er að ræða háskóla sem samanstendur af 13 samstarfsaðilum, bæði háskólum og rannsóknarstofnunum í skosku hálöndunum. Í erindi mínu mun ég kynna fyrstu niðurstöður viðtala sem ég tók, bæði hér á Vestfjörðum og í Skotlandi. Helstu niðurstöður eru þær að þau vandamál sem landsbyggðin á við að glíma virðast vera þau sömu í þessum tveimur löndum.

Málstofa: Sjálfbær þróun

Jamie Landry, MRM í Haf- og strandsvæðastjórnun frá Háskóla Vestfjarða

Sustainability of community-based Coastal Resource Management

There is an increasing demand from public, private, and government sectors for a coastal resource management regime that ensures sustainability of coastal natural resources while meeting local needs of the people it serves. It is the objective of this master's thesis to explore the suitability of Community-Based Coastal Resource Management (CBCRM) as a contributor to meeting the specific sustainability goals of the Icelandic coastal town of Ísafjörður. While focusing on the local needs of a specific community, CBCRM encourages a participatory role in the sustainable management of their coastal resources for groups and individuals. The research in this thesis aims to evaluate how CBCRM can and cannot contribute to Ísafjörður's sustainability goals by using a combination of research methods. Data representing pre-determined indicators of sustainability was collected while primary research methods included individual interviews held with a cross-section of community members. Additionally, a feasibility study exploring the suitability of CBCRM as a contributor to the town's sustainability goals was conducted. This feasibility study compared components of CBCRM with the specific sustainability goals of Ísafjörður and results showed that CBCRM was well suited to contribute to environmental sustainability goals in Ísafjörður. The feasibility study also revealed that CBCRM has the potential to positively contribute to certain economic and socio-cultural goals however several challenges were identified regarding these sectors. Recommendations include utilizing the methods and principles of CBCRM to work towards several sustainability goals while continuing to use principles of Integrated Coastal Zone Management (ICZM) in order to achieve a holistic approach that meets the town's needs.

Gísli Halldór Halldórsson, MRM í Haf- og strandsvæðastjórnun frá Háskóla Vestfjarða

Kvótakerfið

Lýsingu vantar.

Hilmar Þór Hilmarsson, Háskólanum á Akureyri

Íslenskur jarðhitaklasí og íslensk þátttaka í jarðhitaverkefnum á nýmörkuðum

Í nóvember 2010 var haldin ráðstefna í Reykjavík sem bar titilinn Iceland Geothermal 2010. Ráðstefnan fjallaði um Íslenska jarðhitaklasann og þá möguleika sem hann gæti skapað til að auka hagvöxt á Íslandi. Meðal þátttakenda var Dr. Michael E. Porter, prófessor við Harvard Business School sem hefur verið leiðandi í rannsóknum á klösum (e. clusters) í heiminum. Klasar hafa verið skilgreindir sem þyrping tengdra fyrirtækja, birgja, þjónustuaðila, og stofnana (til dæmis háskóla, viðskiptasamtaka) sem starfa á einhverju ákveðnu sviði og stunda samkeppni en einnig samvinnu. Erindið mun fjalla um möguleika íslensks útflutningsklasa í að selja íslenska þekkingu t.d. með því að stunda ráðgjafarþjónustu, byggja og reka orkuver eða fjárfesta í jarðhitaförum.

nýmarkaðslöndum (e. emerging markets). Fjallað verður um hugsanleg sóknarfæri íslenskra fyrirtækja á nýmörkuðum á þessu sviði og um hugsanlega samstarfsaðila m.a. við fjármögnun verkefna og áhættustýringu.

Sigríður Ólafsdóttir, Háskóla Íslands

Félagslegir áhrifaþættir í sjávarútvegi

Undanfarna áratugi hafa vestræn menningarsamfélög lagt megináherslu á tæknilegar úrlausnir og vistfræðilega nálgun í nýtingu auðlinda sjávar. Nýtingaráætlanir hafa verið grundvallaðar á vistfræðilíkönum og hagrænum útreikningnum og telja má að mestu hafi verið horft fram hjá félagslegum áhrifaþáttum á fyrirkomulag og framkvæmd sjávarútvegs. Augljóst er að með því að tvinnna saman þekkingu um auðlindina og samfélagið sem hana nýtir getur skapast heildstæð þekking sem nýtist til að greina orsakir og afleiðingar.

Á síðustu árum hefur orðið vakning hjá stjórnvöldum víðs vegar um heim á mikilvægi þess að skilja hinn flókna félagslega veruleika í stjórnun og nýtingu náttúruauðlinda. Í því sambandi hafa m.a. verið skoðaðir áhrifaþættir á viðhorf, gildi, þekkingarsköpun og mannauðs samfélaga og hagsmunaaðila. Sérstaklega er áhugavert fyrir stjórnun náttúruauðlinda að greina þá þætti og ferla er leiða til aðgerða og ábyrgðar.

Samfara nýrri nálgun þar sem stuðst er við samfélagsfræðilega rýni í greiningu á sjávarútvegnum þá hafa áherslur breyst í stjórnuninni. Bæði í framkvæmd og fræðaheiminum hafa áherslurnar færst frá stjórnun að ofan og einkavæðingu auðlinda í það að láta samfélög og hagsmunaaðila fiskveiða bera aukna ábyrgð á auðlindanýtingunni t.d. með aðkomu þeirra að ákvarðanatöku, vöktun og söfnun upplýsinga.

Í þessu erindi er stuðst við gögn og vinnu Háskólaseturs Vestfjarða við gerð úttektar á strandveiðunum sumarið 2009. Fjallað verður um félagslegan hluta veiðanna með vísun í undirliggjandi markmið með veiðunum, bakgrunn og sýn útgerðaraðila og lærdóm sem má draga af þessari nýju leið í stjórn fiskveiða. Enn fremur verða niðurstöðurnar settar í samhengi við félags- og hagfræðilegar kenningar um samstjórn og nýtingu sameiginlegra náttúruauðlinda.

Málstofa: Afbrot og frávik

Rúnar Vilhjálmsson, Háskóla Íslands

Áhættuhegðun vina, stuðningur vina og eigin áhættuhegðun

Andstæðar tilgátur hafa komið fram um tengsl félagslegs stuðnings og áhættuhegðunar einstaklinga. Sumar gera ráð fyrir beinum öfugum tengslum (direct negative effect) milli stuðnings og áhættuhegðunar, meðan aðrar gera ráð fyrir háðum tengslum (interaction) þar sem stuðningur annarra ýmist magnar eða dempar þau áhrif sem áhættuhegðun annarra hefur á eigin áhættuhegðun. Við mat á tilgátunum eru notuð gögn úr nýlegri landskönnun á heilsu og líðan nemenda í 10. bekk (HBSC könnunin). Nánar tiltekið er athugað hvort stuðningur vina hafi bein eða háð tengsl við reykingar og áfengisnotkun. Niðurstöðurnar benda til að stuðningur vina sé verndandi og dragi úr þeim áhrifum sem reykingar og drykkja vina hefur á eigin reykingar og drykkju. Þýðing niðurstaðnanna er að lokum rædd.

Helgi Gunnlaugsson, Háskóla Íslands

Afstaða Íslendinga til refsinga I

Gagnrýni á dómstólana fyrir væga dóma hefur verið hávær á Íslandi ekki síst í kynferðis- og ofbeldismálum. Norræna sakfræðiráðið stóð að viðamikilli rannsókn á afstöðu borgaranna til refsinga sem höfundur tók þátt í fyrir hönd Íslands í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Beitt var ólíkum aðferðum til að fá sem skýrasta og breiðasta mynd af afstöðu borgaranna til þessa mikla álitamáls: Símakönnun; póstkönnun; rýnihópar; og könnun á afstöðu dómara. Í símakönnuninni var byggt á úrtaki Íslendinga 18-74 ára og afstaðan mæld út frá almennum staðhæfingum um afbrot og refsingar. Í póstkönnuninni tóku svarendur afstöðu til sex alvarlegra afbrota út frá atvikslýsingum á brotunum (vinjettur) og völdu tilhlýðilegar refsingar í hverju máli fyrir sig. Í rýnihópunum ræddu hóparnir einstök mál

úr póstkönnuninni og horfðu saman á myndbrot úr réttarhaldi. Afstaða þátttakenda til málsins var metin bæði fyrir og eftir umræður og myndbrotið. Að síðustu var settur saman hópur starfandi dómara sem felldi dóma í sömu málum og lögð voru fyrir svarendur í póstkönnuninni og þátttakendur í rýnihópunum.

Ein af meginspurningum rannsóknarinnar er hvort að afstaða borgaranna til refsinga sé harðari eða vægari en niðurstaða dómara.

Í erindinu verður farið í ýmsar lykilniðurstöður rannsóknarinnar, ekki síst þær sem tengjast rýnihópunum.

Snorri Örn Árnason, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

Afstaða Íslendinga til refsinga II

Á síðasta ári var framkvæmd viðamikil rannsókn á afstöðu Íslendinga til refsinga. Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn á vegum Norræna sakfræðiráðsins á öllum Norðurlöndunum fimm. Beitt var ólíkum aðferðum við öflun gagna; símakönnun, póstkönnun, rýnihópum, og könnun á afstöðu dómara. Í þessu erindi verður kastljósinu beint að helstu niðurstöðum póstkönnunarinnar. Í könnuninni tóku svarendur afstöðu til sex afbrota út frá atvikslýsingum á brotunum og völdu það sem þeim þótti hæfileg refsing í hverju máli fyrir sig. Einkum verður sjónum beint að afstöðu til ólíkra refsitegunda, sér í lagi hvernig svarendur kusu að beita óskilorðsbundinni fangelsisrefsingu. Einnig er skoðað hvort ólíkur bakgrunnur gerenda í málunum hafi áhrif á afstöðu svarenda til refsilyngdar. Lok er gerð grein fyrir áhrifum af bakgrunni svarenda, t.d. kyni og aldri, á hvað þeir telja hæfilega refsingu.

Sólveig Karlsdóttir og Jón Óskar Guðlaugsson, Lýðheilsustöð

Reykingar í kvikmyndum og ungt fólk

Niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið í m.a. Bandaríkjunum og Þýskalandi sýna að eftir því sem börn og unglingar sjá meira af reykingum í kvikmyndum því líklegri eru þau til þess að byrja að reykja. Ísland er þátttakandi í evrópsku rannsóknarverkefni með það að markmiði að kanna áhrif reykinga í kvikmyndum á reykingavenjur barna og unglinga í Evrópu. Um langtímarannsókn er að ræða þar sem lagt er mat á umfang reykinga í vinsælum kvikmyndum í Evrópu, á tímabilinu 2004-2009, og ungmenni látin svara spurningalista með árs millibili, í byrjun árs 2010 og 2011. Rannsóknin er framkvæmd í sex Evrópulöndum; Íslandi, Englandi, Hollandi, Ítalíu, Póllandi og Þýskalandi. Alls taka 16.551 ungmenni í ofangreindum löndum þátt, þar af 2.664 íslensk. Niðurstöður fyrri fyrirlagnar gefa til kynna að samband sé á milli áhorfs á reykingar í kvikmyndum og reykinga ungmennanna sjálfra. Gögn úr seinni fyrirlögn munu veita betri upplýsingar um eðli þessa sambands og þá frekar hægt að færa rök fyrir orsakasamhengi.

Inngangsfyrirlestur

Þorbjörn Broddason, Háskóla Íslands

Viðhorf í tíma: breytingar og stöðugleiki meðal íslenskra ungmenna

Með því að rýna í gögn úr kannanabálkinum Börn og sjónvarp á Íslandi 1968-2009 verður sýnt fram á breytingar og stöðugleika í viðhorfum íslenskra ungmenna til nokkurra grundvallarlífsgilda. Sérstaklega verður gefinn gaumur að því hvort einhverjar óvenjulegar breytingar hafi orðið í kjölfar hrunsins. Jafnframt verður reynt að prófa þá tilgátu að drengir séu meiri efnishyggjumenn en stúlkur. Lok verður samspil fjölmiðlanotkunar og viðhorfa reifað.

Málstofa: Fjölmiðlar og samfélag

Salvör Gissurardóttir, Háskóla Íslands

Samfélagsmiðlar, upplýsingar og vald

Í þessu erindi verður fjallað um hvort og þá með hvaða hætti verkfæri eins og Facebook og Twitter og bloggssamfélög o.fl. hafa breytt tengslanetum, fjölmiðlun og stjórnmálum líðandi stundar og haft áhrif á ákvarðanir ríkisstjórna, felld stjórnvöld, ýtt undir og valdið byltingum og valdeflt einstaklinga. Skoðuð verða íslensk dæmi um grasrótahreyfingar, viðburði og hópa sem verið búnir til og auglýstir innan slíkra miðla og reynt að meta áhrif bæði íslenskra netsamfélaga (Kryddsíldarmótmaeli, Icesave, Indefence, hrunblogg o.fl.) og erlend dæmi um upprisur almennings í Egyptalandi og víðar í Norðanverðri Afríku. Auk félagsneta verður fjallað um hvaða áhrif þekkingarveitur sem byggja á frjálsu aðgengi og opinni þekkingu og samvinnuskrifum eins og Wikipedia og Wikileaks hafa á völd og valdasamspil almennings, hefðbundinna fjölmiðla og stjórnvalda.

Birgir Guðmundsson, Háskólanum á Akureyri

Samfélagssamheldni og staðarvitund á Akureyri – hlutverk fjölmiðla

Í erindi þessu verður gerð grein fyrir tilurð og fyrstu niðurstöðum eigindlegrar könnunar sem gerð var á Akureyri sumarið 2010. Könnunin byggir á stöðluðum viðtölum við 33 Akureyringa þar sem viðhorf þeirra til bæjarfélagsins, þátttaka þeirra í samfélaginu og fjölmiðlanotkun eru skoðuð. Talað var við 14 karla og 19 konur á aldrinum 22-72 ára. Megin markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort og þá hvernig tengsl eru milli staðarvitundar og samfélagssamheldni á Akureyri og fjölmiðlanotkunar. Er hér byggt á erlendum könnunum um svipuð efni og stuðst við hugtök og rannsóknarramma sem m.a. var þróaður af fræðimönnum í Bandaríkjunum. (McLeod o. fl. 1995). Meðal þess sem kemur í ljós er áskrifendur að staðarblaðinu á Akureyri virðist á ýmsan hátt hafa sterkari staðarvitund og vera tengdara bæjarfélaginu en þeir sem ekki eru áskrifendur.

Eiríkur Karl Ólafsson Smith, Háskóla Íslands

Horft til (örorku)bóta: Birtingamyndir öryrkja í fjölmiðlum og orðræðan um réttlæti

Fyrirlesturinn greinir frá þeirri orðræðu sem fer fram opinberlega um öryrkja og mótar almenna vitund fólks og viðhorf í garð þeirra. Hún byggir á staðalmyndum sem persónugera öryrkja sem samfélagslegt vandmál, færa ábyrgðina af höndum samfélagsins og gera örorku að valfrjálsum tekjumöguleika. Kastljósinu er beint að þeim hugmyndum um réttlæti sem orðræðan styðst við og því hvernig upplýsingar á aðstæðum öryrkja eru afbakaðar til þess að þjóna þessum hugmyndum. Til mótvægis er stuðst þá þekkingu sem liggur til grundvallar Sáttmála Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og skýrt frá þeim tölfræðilegu upplýsingum sem liggja fyrir um hag öryrkja. Efni fyrirlestursins er þó einkum sótt til nýlegrar eigindlegrar rannsóknar Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum á daglegu lífi, aðstæðum og afkomu öryrkja hér á landi, sem var unnin í samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands, í tilefni Evrópuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun. Í rannsókninni var lögð áhersla á sjónarhorn öryrkja sjálfra, reynslu þeirra og hvaða skilning þeir leggja í eigið líf.

Sveinn Arnarsson, Háskólanum á Akureyri

"Samgöngubætur, kjördæmapot og skotgrafir: Umfjöllun um samgöngur í íslensku þjóðfélagi"

Á síðustu árum og áratugum höfum við Íslendingar verið að byggja vegi og tengja saman byggðir á landinu, sem helstu nágrannabjóðir okkar hafa lokið fyrir all nokkru síðan. Tveir þriðju hluta íslensku þjóðarinnar búa að mestu leyti á höfuðborgarsvæðinu og er því tenging byggða vítt og breitt um landið nokkuð langt frá þorra þjóðarinnar. Umræðan um samgöngubætur í þjóðfélaginu er oft á þá leið að annarlegir hagsmunir ráði för þegar ákveðið er að leggja í dýrar samgöngubætur á landsbyggðinni. Í ljósi efnahagsástandsins á Íslandi í dag er ljóst að minni fjárhæðum verður úr að spila við gatnagerð á komandi árum. Því er ljóst að einhverjar framkvæmdir verða að bíða. Í erindi mínu reyni ég að greina umræðuna í þjóðfélaginu um samgöngur og samgöngubætur fjarri höfuðborgarsvæðinu.

Málstofa: Samfélagsleg þátttaka

Stefán Hrafn Jónsson og Jón Óskar Guðlaugsson, Lýðheilsustöð

Ferðamáti til og frá vinnu í og fyrir kreppu

Ferðamáti Íslendinga til og frá vinnu er að ýmsu leiti frábrugðinn ferðamáta annarra Norðurlandþjóða. Sem dæmi má nefna að Reykvíkingar nota mun minna almenningasamgöngur en íbúar margra borga á Norðurlöndunum og Reykvíkingar eiga fleiri einkabíla miðað við íbúafjölda. Hægt og bítandi hafa samgönguhjólreiðar þó fengið meiri hljómgrunn meðal almennings og að einhverju leiti skipulagsyfirvalda. Margt ávinnst með því að efla hjólreiðar sem raunhæfan kost til að komast í og úr vinnu. Ætla má að með eflingu hjólreiða verði umfang og kostnaður við smíði og viðhald samgöngumannvirkja minni og mengun minnki. Auk þess auka samgönguhjólreiðar hreyfingu fólks og stuðla þar með að bættri heilsu. Til þess að efla samgönguhjólreiðar er mikilvægt að vita um samsetningu þess hóps sem hjólar eða gengur til vinnu. Í fyrirlestrinum verður farið yfir breytingar á samgöngumáta Íslendinga fyrir og eftir fall bankanna og lagt mat á hvort hjólreiðafólki hafi fjölgað og eins hvort samsetning þessa hóps hafi breyst.

Sigurlaug Hrafnkelsdóttir, Háskóla Íslands

Afleiðingar starfsloka á sjálfsmynd og hlutverk karla og kvenna á Íslandi

Markmið rannsóknarinnar er að skoða afleiðingar starfsloka á sjálfsmynd og hlutverk karla og kvenna á Íslandi. Upplifun lífeyrisþega á starfslokum og þær breytingar sem þeir ganga í gegnum þegar þeir ná 67 ára aldri eru þær mestu á síðfullorðinsárum. Ný hlutverk taka yfir með brotthvarfi af vinnumarkaði. Dagskipulag og félagsleg hlutverk breytast og mikilvægi áhugamála ásamt afa- og ömmuhlutverka verða oft ráðandi. Félagsleg virkni lífeyrisþega eykst með auknum frítíma í formi íþróttar og tómsunda samkvæmt gögnum rannsóknarinnar. Nokkrir karlar bentu á að þeir hefðu verið fyrirvinnur lengst af starfsævinni og töldu erfitt að snúa tíma sínum yfir í frítíma. Rannsóknin er eigindleg og fyrirhugað er að 45 íslenskir eftirlaunþegar tjái sig um og gefa innsýn í eigin lífsögu. Eftir sautján viðtöl benda fyrstu niðurstöður á skerðingar í lífeyriskerfinu sem veldur hnignandi lífsgæðum. Íslenskir lífeyrisþegar vilja gjarnan tímasetja starfslok sín og vera með í þeirri ákvörðun þegar vinnuveitandi telur starfslok viðeigandi.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Háskóla Íslands

Jafnrétti til náms: Réttur og raunveruleiki fatlaðra nemenda við HÍ

Rannsóknir hafa sýnt að aukin menntun, sérstaklega háskólamenntun, fatlaðs fólks er grunnforsenda þess að ná árangri í baráttunni fyrir jafnri stöðu og tækifærum fatlaðs fólks í samfélaginu. Því er bætt aðgengi að háskólum landsins á jafnréttis- og jafnræðisgrunni nauðsyn. Í þessu erindi verða fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar *Jafnrétti til náms: Réttur og raunveruleiki fatlaðra nemenda við Háskóla Íslands* kynntar. Um þriggja ára þverfaglega rannsókn er að ræða á sviði fötlunarfræða og lögfræði. Markmið rannsóknarinnar er að afla þekkingar og skilnings á stöðu og mannréttindavernd fatlaðra nemenda við Háskóla Íslands út frá reynslu nemanna sjálfrá, íslenskum rétti, reglum sem HÍ hefur sett sér og þeim mannréttindaáherslum sem er að finna í nýjum sáttmála Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Verkefnið er unnið af fjórum framhaldsnemendum við Háskóla Íslands undir handleiðslu Hönnu Bjargar Sigurjónsdóttur, Rannveigar Traustadóttur og Brynhildar Flóvenz.

Halldór Sig. Guðmundsson, Háskóla Íslands

Áhrif starfsendurhæfingar á heilsu og virkni

Á síðasta áratug hefur fjölgað úrræðu í starfsendurhæfingu á Íslandi. Í erindinu er greint frá nýrri rannsókn á áhrifum starfsendurhæfingar á þátttakendur hjá Starfsendurhæfingu Norðurlands (SN).

Notast var við margprófunarsnið. Byggt var á greiningu á niðurstöðum skimunarlista í upphafi og við lok starfsendurhæfingar. Einnig var lagður fyrir spurningalisti um núverandi stöðu, tíma í endurhæfingu, tekjur, félagslega einangrun og virkni. Þá voru tekin viðtöl við þátttakendur, starfsmenn og stjórn SN.

Unnið var með tölfraðilegar upplýsingar um þýðið, 241 þátttakanda SN frá tímabilinu janúar 2006 til maí 2010. Karlar voru 29% og konur 71% þýðisins. Yngsti þátttakandi var 16 ára, elsti 57 ára og meðalaldur tæp 33 ár. Um 71% þátttakanda höfðu grunnskólamenntun, 13% styttra starfsnám í framhaldsskóla, 10% stúdentspróf eða iðnnám og um 6% aðra menntun. Alls höfðu svo tæp 60% verið án atvinnu í 6 mánuði eða lengur áður en þeir hófu þátttöku í starfsendurhæfingu.

Meginniðurstaða rannsóknarinnar er að starfsendurhæfingin dregur úr vanlíðan og líkum á fátækt og félagslegri einangrun og eykur virkni. Hún leiðir til þess að staða mikils meirihluta þátttakenda batnar, erfiðleikar minnka, færni og aðlögun styrkist, virkni eykst og þá helst í vinnu og námi.

Málstofa: Börn og unglingar

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Háskólanum á Akureyri

Vímuefnaneysla unglunga í 10.bekk með hliðsjón af kynhneigð, niðurstöður íslenska hluta HBSC gagna frá 2006 og 2010

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að bera saman svör þriggja hópa unglunga um vímuefnaneyslu í 10.bekk. Gögnin voru fengin úr íslenskum hluta alþjóðlegrar könnunar á heilsu og lífskjörum skólanema (Health Behavior in School-Aged children; HBSC) sem safnað var 2006 og aftur 2010. Nemendum var skipt eftir svörum þeirra um hvort þau hefðu orðið skotin og eða sofið hjá – og þá í/hjá hverjum í þrjá hópa; (a) hinsegin, (b) gagnkynhneigðir, (c) óljóst. Árið 2006 svöruðu 3,1% hinsegin nemendur og óljóst var með 3,9% hópsins. Árið 2010 svöruðu 3,6% hinsegin nemendur og 4,2% voru óljósir. Niðurstöður úr gögnum frá báðum fyrirlögnum, þ.e. frá 2006 og 2010 sýndu markvert meiri vímuefnaneyslu hinsegin hópsins en hinna hópanna tveggja. Ekki var munur á vímuefnaneyslu gagnkynhneigðu nemendanna og þeirra sem teljast óljósir í gögnum frá 2006 og sama var að segja um niðurstöður frá 2010.

Anna Lilja Sigurvinsdóttir, nemi Háskólanum á Akureyri

Líkamsmynd íslenskra skólabarna 2006- 2010

Tilgangur: Markmið verkefnisins er að skoða breytingar á líkamsmynd íslenskra skólabarna á árunum 2006 til 2010. Einnig verða skoðað áhrif kyns og aldurs á líkamsmynd íslenskra skólabarna skoðuð. Gerður verður samanburður á líkamsmynd skólabarna á Íslandi, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Aðferð: Umfangsmiklar spurningakannanir voru lagðar fyrir alla nemendur í 6., 8. og 10. bekk á Íslandi árin 2006 og 2010. Tæplega 12 þúsund nemendur eða um 90% svöruðu í hvort sinn. Könnunin er hluti af alþjóðlegu verkefni sem styrkt er af Alþjóða heilbrigðismálastofnunni (WHO) og fjallar um heilsu og lífskjör skólabarna (HBSC – Health and Behaviour in School-Aged Children). Niðurstöður: HBSC 2006 sýnir að líkamsmynd íslenskra skólabarna er í mörgum tilvikum neikvæð. Fjörtíu prósent stráka og stelpna í 6. bekk eru óánægð með þyngd sína, þarf af telja rúm 30% sig þurfa að léttast. Ekki kom fram munur á milli kynja hjá börnum í 6. bekk. Líkamsmynd stúlkna versnar með aldrinum, ein af hverjum þremur stúlkum í 6. bekk telur sig þurfa að léttast en í 10. bekk telja tvær af hverjum þremur stúlkum sig þurfa að léttast. Strákar verða einnig óánægðari með þyngd sína með hækkandi aldri. Fjöldi þeirra sem telur sig þurfa að þyngjast tvöfaldast. Niðurstöður líkamsmyndar íslenskra skólabarna úr HBSC 2010, sem og samanburður við Norðurlöndin, liggja ekki fyrir. Umræða: Svo virðist sem að margt ungt fólk hafi óraunhæfar hugmyndir um vaxtarlag sitt og þyngd. Í alvarlegustu tilfellunum getur verið um átröskun að ræða (algengara hjá stelpum) eða steranotkun (algengara hjá strákum). Mikilvægt er að auka umfjöllun og vitund samfélagsins um afleiðingar lélegrar líkamsmyndar.

Kristina Tryselius, Háskólanum á Hólum

Assembling identity - children and mobility

The aim of my presentation is two folded. First, to present previous research on children, mobility and identity formation, and second, to discuss the developing of a research question related to the effect of the consolidation of the ring road on Icelandic children's socialization process and identity formation in terms of nationality. In research in tourism, a field extensively devoted to mobility, children have to a large extent been neglected and the amount of published research on children and mobility the last six years is strikingly low. The impact of mobility in the production of national identities has however been acknowledged and researched within the social sciences. Mobility enables shared experience of time and space as it connects people, things, spaces and representations in specific ways. Understood as such, mobility plays a part in socialization processes and hence in the production of national identities.

How could then the effects of travelling on children's socialization process, in particular in relation to the formation of a sense of national identity be researched? I suggest that it could be done through actor-network theory and a mile stone in Icelandic travel history - the completion of the ring road in 1974. The ring road changed mobility patterns and hence made possible new ways of connecting people, things, spaces and representations – crucial in the formation of a sense of national identity. Using actor-network terminology it could be talked about as new ways of assembling identities, and the basic research idea is then to research the way things are put together, the importance of that assembling for children's way to conceive the world, their self and others, and the role of geography in the process.

Þóroddur Bjarnason, Háskólanum á Akureyri

Stolnar fjaðrir? Af sambandi íþróttá- og tómstundastarfs við vímuefnaneyslu íslenskra unglunga 1995–2010

Á undanförunum árum hefur umtalsverð áhersla hefur verið lögð á jákvæð áhrif skipulagðs tómstundastarfs á heilsu og lífsstíl unglunga. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að lýsa því yfir að íþróttir séu besta forvörnin gegn vímuefnaneyslu unglunga. Því hefur verið enn fremur verið haldið fram að árangur Íslendinga á þessu sviði jafngildi íslensku forvarnarundri og hefur forseti Lýðveldisins ferðast með einkapötum stórfyrirtækja frá Ístanbul til Sankti Pétursborgar til að kynna það fyrir þjóðum heims. Í þessum fyrirlestri er farið yfir fræðilegan bakgrunn þessarar nálgunar og rannsóknir á tengslum íþróttá- og tómstundastarfs við vímuefnaneyslu íslenskra unglunga skoðaðar með gagnrýnum huga. Niðurstöður benda til þess að forvarnargildi íþróttá- og tómstundastarfs hafi verið stórlega ofmetið þótt slíkt starf hafi verulega jákvæð áhrif á aðra þætti í lífi unglunga.

Inngangsfyrirlestur

Magnfríður Júlíusdóttir, Háskóla Íslands

Athafnakonur, rými og andóf

Í erindinu er gagnrýnu kynjasjónarhorni beitt við greiningu á byggðastefnu í byrjun 21. aldar. Sjónum er einnig beint að skörun kyns, menntunar og uppruna í stefnu og framkvæmd. Einkum verður horft til þróunar á Austurlandi.

Stuðningur við frumkvöðlastarf í atvinnurekstri kvenna hefur verið þrástef í byggðaáætlunum og námskeið í gerð viðskiptaáætlana sprottið upp umhverfis landið. Á sama tíma hafa stórframkvæmdir í byggðamálum einkum stutt við hefðbundnar starfsgreinar karla á kynjuðum vinnumarkaði. Í takt við þróun í stefnumótun í byggðamálum í Evrópu hefur aukið sjálfsákvörðunarvald um stefnumótun og verkefnastuðning verið fært til svæða með samningum við landshluta. Þar er hvatt til aukins samstarfs opinberra aðila og fyrirtækja í byggðapróun. Meðal spurninga sem velt er upp eru áhrif þeirrar þróunar á þátttöku kvenna í stefnumótun í byggðamálum. Eru nýleg tengslaneta kvenna í landshlutum andóf við þróuninni? Hvernig kemur kreppan við kynjað frumkvöðlastarf og vinnumarkað?

Málstofa: Byggðir og byggðapróun

Birgir Guðmundsson og Grétar Þór Eypórssón, Háskólanum á Akureyri

Misvægi atkvæða og pólitískt jafnrétti

Ljóst er af könnunum sem gerðar voru fyrir stjórnlagabingskosningarnar, að töluverður hluti þeirra sem kjörnir voru á stjórnlagabings hafði áhuga á að breyta atkvæðavægi í landinu og hugsanlega gera landið að einu kjördæmi. Helstu rökin fyrir þessu lúta að pólitísku jafnrétti. Í erindinu er fjallað um ólíkar hliðar á hugmyndinni um pólitískt jafnrétti og hugsanleg áhrif sem breytingar á atkvæðamisvægi og kjördæmaskipan gætu haft. Höfundar benda á að það hvaða leiðir kunni að teljast heppilegar við að minnka misvægi atkvæða velti á skilgreiningum á pólitísku jafnrétti og ekki síður á því hvernig kjördæmi og kjördæmamörk eru skilgreind. Með endurskilgreiningu á núverandi fyrirkomulagi má t.d. halda því fram að misvægi atkvæða milli kjördæma sé í raun ekki misvægi atkvæða milli landshluta og að misvægi atkvæða milli þéttbýlis og landsbyggðar sé almennt ofmetið í umræðunni.

Grétar Þór Eypórssón og Vífill Karlsson, Háskólanum á Akureyri

Búsetuskilyrði og lífsgæði á landsbyggðinni 2030

“Vestnorden Foresight 2030 – framtíðarsýn byggðarlaga” er Vestur – Norrænt samstarfsverkefni um framtíðarsýn íbúa í landsbyggðarsveitarfélögum. Af hálfu Íslands taka Háskólinn á Akureyri og Samband Sveitarfélaga á Vesturlandi þátt í verkefninu. Haustið 2010 voru haldnir fundir með íbúum tveggja sveitarfélaga í öllum löndunum, Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Á Íslandi voru fundir haldnir í Borgarbyggð og Fjallabyggð. Helst voru ræddar þær áskoranir sem sveitarfélögin standa frammi fyrir nú og í framtíðinni, en jafnframt rætt hvernig best verði staðið að því að stuðla að heillavænlegri efnahagslega- og félagslega sjálfbærri þróun þegar til lengri tíma er litið. Í erindinu ræða höfundarnir niðurstöður verkefnisins einkum að því er varðar framtíðarsýn fólks á framtíðarmöguleikana með tilliti til þýðingar lífsgæða og búsetuskilyrða og hlutverks sveitarfélaganna í því. Fyrri rannsóknir höfunda á því sviði verða hafðar til hliðsjónar.

Hjalti Jóhannesson og Kjartan Ólafsson, Háskólanum á Akureyri

Um mikilvægi þess að geta farið á kóræfingu - Rannsóknir á samfélagslegum áhrifum samgöngubóta

Samþjöppun mannfjöldans á landinu er orðinn afar mikill og nú er svo komið að u.þ.b. 75% landsmanna búa í höfuðborginni eða innan 45 mínútna akstursvegalengdar frá henni. Samhliða þessari þróun hefur myndast gjá milli þeirra sem þarna búa og þeirra sem búa á hinni eiginlegu landsbyggð. Í umræðum um áætlanir á sviði samgangna verður mjög vart við þessa þróun. Kannanir hafa sýnt að þegar fólk er spurt að því hvaða eða hvers konar samgöngubætur það vill sjá, þá er hver sjálfum sér næstur. Lögð er áhersla á samgöngubætur sem taka mið af þörfum viðkomandi svarenda. Þannig er sýn íbúa höfuðborgarsvæðisins og nágrennis á það hvaða samgöngubætur eru mikilvægastar allt aðrar en þeirra sem búa á Vestfjörðum. Höfundar unnu að þróun matsaðferða á áhrifum samgöngubóta á samfélagið fyrir nokkrum árum. Niðurstaðan var m.a. sú að nauðsynlegt sé að meta hversu vel einstakar framkvæmdir uppfylla tiltekin markmið eða tilgang. Töldu rannsakendur eftir rýni á opinberri umfjöllun um vegabætur að markmiðin væru þá einkum fjögur, þ.e. tenging atvinnu- og búsvæða, arðsemi, umferðaröryggi og þróun byggðar. Í umræðu á síðustu árum hefur hins vegar borið á því að tvö markmið

Samgöngubóta séu einkum réttmæt, þ.e. arðsemi og umferðaröryggi, auk þess sem farið er að ræða í auknum mæli markmið um umhverfislegan ávinning af samgöngubótum. Þannig hefur í umræðunni verið lögð sama mælistikan á Héðinsfjarðargöng og t.d. breikkun umferðaræða út frá Reykjavík. Ljóst má þó vera að þau markmið sem þessar framkvæmdir eiga að uppfylla eru mismunandi, eða annars vegar að rjúfa einangrun byggðar á jaðarsvæði og hins vegar að stuðla að auknu umferðaröryggi og umferðarflæði þar sem umferðarþungi er mikill. Ein og sama mælistikan dugar því ekki. Gerð var tilraun til að nota matslíkanið til að bera saman og forgangsraða jarðgangahugmyndum á Austurlandi og verður gerð grein fyrir niðurstöðum þeirrar vinnu í fyrirlestrinum.

Vífill Karlsson, Háskólanum á Akureyri

Samband búferlaflutninga og samgöngubóta.

Samband búferlaflutninga og samgöngubóta er prófað í þessari rannsókn. Búferlaflutningar hafa verið einstaklega miklir á milli landssvæða á Íslandi allt frá upphafi 20. aldarinnar. Forgangsröðun einstaklinga er drifkraftur búferlaflutninga. Staðir eru misvel búnir náttúrgæðum, þjónustu og atvinnutækifærum. Breytingar á þeim sem og á forgangsröðun einstaklinga heldur búferlaflutningum stöðugt í gangi þess vegna er ástæða til að halda að samgöngubætur, sem tengja landsvæði, dragi úr búferlaflutningum. Í rannsókninni mun ég kanna hvort þessi tilgáta sé sönn fyrir Ísland, stórt en strjálbýlt land með tveimur aðskildum þjónustukjörnum. Makró panel gögn frá Ísland sem ná yfir nokkra lykilþætti verða notuð í rannsókninni. Þar er Íslandi skipt upp í 79 sveitarfélögum á tímabilinu 1994 til 2006.

Þóroddur Bjarnason, Háskólanum á Akureyri

Einstakt og óvenjulega ósvífið? Fjölmíðlar og almannarými landsbyggðanna

Fjölmíðlar eru undirstaða lýðræðis í nútímasamfélögum. Þar eru helstu álitamál og viðfangsefni samfélagsins reifuð og rædd, samstaða skapast og átakalínur skerpast. Í fjölmíðlum fá kjósendur jafnframt upplýsingar um störf embættismanna og kjörinna fulltrúa og þar fá þeir aðilar innsýn í almenna umræðu í samfélaginu. Því má segja að fjölmíðlar skapi almannarými hvers samfélags og án þeirra sé hætt við því að samfélagið sem slíkt leysist upp í smærri hópa sem byggjast á fjölskylduböndum, vinatengslum eða daglegri umgengni. Þannig má segja að landsmíðlar á borð við Ríkisútvarpið, Stöð 2, Morgunblaðið eða Fréttablaðið skapi almannarými íslensks samfélags og raunar þar með almannarými höfuðborgarsvæðisins. Á sama hátt má segja að héraðsmíðlar á borð við svæðisútvarp Ríkisútvarpsins, héraðsfréttablaðið Bæjarins besta á Ísafirði eða grenndarsjónvarpið N4 á Akureyri skapi almannarými einstakra byggðarlaga. Á undanförunum árum og áratugum hafa orðið umtalsverðar breytingar á fjölmíðlun víða um land. Landsmíðlum hefur fækkað og þeir hafa dregið mjög úr sjálfstæðum fréttalutningi frá byggðarlögum utan höfuðborgarsvæðisins. Á sama tíma hefur héraðsfréttablöðum fjölgað og netmíðlar rutt sér til rúms víða um land. Í þessu erindi er fjallað um þessa þróun og kynntar niðurstöður innihaldsgreiningar á efni helstu netmiðla á landsvísu og valinna netmiðla sem ætlað er að þjóna tilteknum samfélögum utan höfuðborgarsvæðisins.

Málstofa: Menningarstefna og fjölmening

Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Heiða Björk Árnadóttir, Háskóla Íslands

Menningarstefna, samráð og fagurfræði

Menningarstefna ríkisstjórna á tímabilinu 1991-2009 tók mið af pólitískum markmiðum þeirra í anda nýfrjálshyggju. Lögð var áhersla á að minnka ríkisafskipti og leita leiða til virkja einstaklingsframtak og styrkja tengsl sín við sveitastjórnir. Þetta þýddi í raun tilraunir til afnáms miðstýringar ríkisvaldsins á menningarsviðinu, þar sem markmiðið var valddreifing um ákvarðanatök og framkvæmdir. Í þessu erindi, sem byggir á eigindlegum rannsóknum, verður fjallað um þessar breytingar en með þeim hætti að horft verður á gagnkvæm tengsl menningarstefnu stjórnvalda á árabílinu 1991-2011 við fagurfræðileg gildi. Í erindinu verður sérstaklega fjallað um hugmyndina um samráð og það skoðað hvernig hún birtist í verkefninu 20/20 Sóknaráætlun.

Tinna Grétarsdóttir, Háskóla Íslands

Icelandic cultural politics and the children of nature.

Icelandic artists have become central in making, staging and performing Icelandic nature. Moreover, Icelandic artists have become representatives of the Icelandic brand which projects Icelanders as “exotic children of nature.” This is best reflected in the cliché of what differentiates Icelandic artists from other artists is their attitude towards nature and the land which is “the basis of their art” as local and international experts often repeat. The paper focuses on contemporary cultural politics and the act of conflating art/nature/ethnicity in the culture/tourist industry.

Ari Klængur Jónsson og Elsa Arnardóttir, Fjölmenningarsetri

Rannsóknir á málefnum innflytjenda

Erindi Fjölmenningarseturs snýr að rannsóknum sem gerðar hafa verið á málefnum innflytjenda. Farið verður yfir þær rannsóknir sem gerðar hafa verið og velt upp hugmyndum að næstu skrefum. Við munum vekja athygli á nokkrum lykilspurningum, hvort við séum á réttri leið og hvort við séum að nota rétt mælitæki á stöðuna. Eru viðhorfsskannar eini mælikvarðinn eða þurfum við að leita annarra leiða til að kortleggja stöðuna, kortleggja samfélagið á sama hátt og náttúrufræðingar kortleggja náttúruna?

Það sem félagsvísindin hafa fram yfir náttúruvísindin er að þau geta spurt „plönturnar“ hvernig þær hafi það. Rannsóknir á málefnum innflytjenda hafa í ríkum mæli einmitt snúist um þetta, þátttakendur eru spurðir út í eitt og annað, en ekki endilega þannig að hægt sé að alhæfa um stöðuna.

Íslendingar hafa að mörgu leyti sérstöðu þegar kemur að rannsóknartækifærum er varða innflytjendur. Fjöldi innflytjenda hefur stóraukist á skömmum tíma og við erum áratugum á eftir flestum nágrannabjóðum okkar þegar kemur að innflytjendum. Við höfum enn tækifæri til að fylgjast með, nánast frá upphafi, og nýtt okkur það til að öðlast þekkingu um leið og við byggjum á reynslu annarra þjóða. Þekkt er að fólk af erlendum uppruna stendur ekki alltaf jafnfætis innfæddum þegar meðallaun eru skoðuð, tækifæri þeirra til starfa ekki þau sömu, og jafnvel ólík mál eins og vinnuslys og forsjá eiga eitthvað sameiginlegt þegar kemur að þessum hópi, á innflytjendur er hallað. En rannsóknir skortir á Íslandi.

Ef við viljum móta framtíðarstefnu þá þurfum við þekkingu sem hægt er að byggja á, sú þekking fæst með rannsóknum.

Páll Björnsson, Háskólanum á Akureyri

Lifandi dauður? Hagnýting Jóns Sigurðssonar forseta í Ísafjarðarsýslu(m) 1880–2006

Í erindinu verður kastljósinu beint að einni helstu þjóðhetju Vestfirðinga, Arnfirðingnum Jóni Sigurðssyni forseta (1811–1879). Hann var fulltrúi Ísafjarðarsýslu á Alþingi allt frá endurreisn þess árið 1845 til dauðadags. Strax eftir lát hans hófu Vestfirðingar að ræða um hvernig ætti að minnast hans — óskabarnsins, sverðsins og skjaldarins. Meðal annars voru settar fram hugmyndir um að stofna landshlutaskóla á Vestfirðum í hans nafni, annað hvort í Ísafjarðarkaupstað, einum fjölmennasta bæ landsins, eða á prestsetrinu Hrafnseyri.

Í upphafi 20. aldar var baráttan milli heimstjórnarmanna og landvarnar- og þjóðræðismanna stundum hörð í kaupstaðnum. Jón forseti varð að bitbeini fylkinganna og í aðdraganda aldarafmælis síns árið 1911 reyndu þær að eigna sér forsetann, gera hann að bandamanni sínum. Jafnvel voru stofnuð félög sem báru nafn hans. Deilendur voru þó sammála um að kaupstaðurinn ætti að verða miðstöð minninganna um Jón á Vestfirðum, jafnvel landinu öllu. Á árunum milli stríða var minningu Jóns haldið á lofti í Ísafjarðarkaupstað, m.a. með hátíðarhöldum hinn 17. júní sem gjarnan fóru fram á Eyrartúninu. Ágóðinn af þeim var látinn renna til góðgerðarmála, t.d. til tækjakaupa fyrir nýja sjúkrahúsið sem var vígt hinn 17. júní 1925. Þá voru stofnaðir sjóðir í kaupstaðnum til minningar um Jón, auk þess sem kenna átti bókasafn bæjarins við hann. Margt fleira mætti nefna. Þrátt fyrir alla þessa viðleitni varð bærinn ekki að miðstöð minninganna um Jón í landshlutunum en e.t.v. hafa deilurnar snemma á 20. öld átt sinn þátt í því hvernig fór.

Aðrir Vestfirðingar, einkum menn úr Vestur-Ísafjarðarsýslu, vildu að Hrafnseyri ætti bera merki minningarinnar um Jón forseta. Sú stefna fékk byr undir báða vængi árið 1911 þegar vegleg og fjölmenn hátíð var haldin á staðnum. Önnur stór hátíð var haldin á Hrafnseyri lýðveldisárið 1944. Með stofnun lýðveldis tók hið opinbera Hrafnseyri upp á sína arma og hóf uppbyggingu þar sem enn stendur yfir. Í erindinu verður leitað svara við því hvaða hlutverki hagnýting Jóns Sigurðssonar hafi þjónað á Vestfirðum; sú þróun verður síðan einnig sett í samhengi við notkun ímyndar Jóns forseta á landsvísu.

Valdimar J. Halldórsson, staðarhaldari, Safni Jóns Sigurðssonar, Hrafnseyri

Þjóðararfurinn Hrafnseyri – til hvers?

Mannfólkið hefur skipt jörðinni upp í um það bil 200 ríki. Það er ekki til sá maður/kona í dag að hann/hún tilheyrir ekki einhverju þjóðríki. Öll hafa þessi þjóðríki sín þjóðargersemar í formi gripa, bygginga, staða, hátíða og fleira sem þau hafa erfð frá fyrri kynslóðum og vilja varðveita fyrir komandi kynslóðir, því eitt af markmiðum þjóðararfs er einmitt að skapa og viðhalda tengslum milli fortíðar, nútíðar og framtíðar. Ísland varð þjóðríki árið 1944 og sögustaðurinn Hrafnseyri er dæmi um slíkan þjóðararf. Í fyrirlestrinum verður fjallað um hvaða sögu Hrafnseyri hefur að geyma, í hverju þjóðararfur staðarins sé fólgin og hvaða hugmyndir núverandi stjórnendur hafa um framtíð hans. Einnig verður leitast við að varpa ljósi á hugtökin þjóð og þjóðríki.

Málstofa: Jafnrétti kynjanna

Andrea Hjálmsdóttir, Háskólanum á Akureyri

“Karlar eru svona áhættusamari, þeir gera miklu meira í hugsunarleysi” - Viðhorf ungmenna til stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði.

Staða kynjanna á Íslandi er nokkuð þversagnakennd. Jafnrétti kynjanna er með því besta sem gerist í heiminum hvað varðar efnahag, pólitíska stöðu, menntun og heilbrigði. Menntun kvenna hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum áratugum en greina má merki um stöðnun eða jafnvel bakslag í jafnréttismálum í íslensku þjóðfélagi og þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku kvenna sýna rannsóknir fram á tiltölulega stöðugan launamun kynjanna, konum í óhag, og lágt hlutfall kvenna í valdastöðum í samfélaginu. Þess mátti vel greina merki á meðan íslenska útrásin stóð sem hæst í því hversu orðræðan um meinta viðskiptasnilld og áhættusækni íslenskra útrásarvíkinga var gífurlega karllæg. Í þessari rannsókn er greint frá niðurstöðum eiginlegrar rannsóknar á viðhorfum 10. bekinga í grunnskóla á Akureyri til stjórnunarhæfni karla og kvenna og stöðu þeirra á vinnumarkaði. Samræður um jafnréttismál fóru fram í rýnihópum og eru viðhorf þátttakenda til jafnréttis kynjanna skoðuð í ljósi hugsanlegra áhrifa frá dægurmenningu og orðræðu frjálshyggjunnar.

Birgir Guðmundsson, Háskólanum á Akureyri

Jafnréttismál og stjórnlagabingskosningar

Þó jafnréttismál hafi ekki verið áberandi í umræðunni fyrir stjórnlagabingskosningarnar 27. nóvember 2010 léku þau talsvert hlutverk hjá stórum hópi frambjóðenda. Í erindinu er gerð grein fyrir könnun sem gerð var meðal frambjóðenda til stjórnlagabings þar sem málalíbúnaður og skoðanir varðandi jafnréttismál var kortlagður. Einnig var skoðaður munurinn á því hvernig karlframbjóðendur og kvenframbjóðendur kynntu sig og málstað sinn. Í ljós kom að auk þess sem jafnréttismál skiptu marga máli þá vildi meirihluti frambjóðenda ganga lengra en nú er gert við að stjórnarskrárbinda raunveruleg jafnréttisákvæði, sérstaklega mikill stuðningur var við að setja í stjórnarskrá ákvæði sem snertir kynbundið ofbeldi. Þá kom í ljós nokkur munur á aðferðum og afstöðu til kynningarmála milli karla og kvenna. Konur virðast vera tortryggjari en karlar gagnvart hefðbundnum fjölmiðlum en um leið opnari fyrir „nýjum“ miðlum, s.s. netsíðum og Facebook. Slíkt kann að skipta máli í framtíðinni ef persónukosningar verða almennt teknar upp.

Gyða Margrét Pétursdóttir, Háskóla Íslands

Sköpun alþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku: Íslenskt tilvik

Þætti karlmennskunnar í hrúni íslensks efnahagskerfis hefur verið gerð skil (Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2010). Í erindinu verður sjónum beint að sköpun alþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku eða útrásarkarlmennsku. Kenningu Connell um stigveldi karlmennskunnar sem fjallar um að á hverjum tíma í hverju samfélagi sé ein tegund karlmennsku ríkjandi, er beitt. Eins verður hugtökunum samtryggingar- og samkeppniskarlmennska gerð skil. Skoðað verður íslenskt tilvik um sköpun útrásarkarlmennsku. Við sögu koma Hermann Gunnarsson og Ólafur Jóhann Ólafsson auk annarra. Greiningin byggir á innihalds- og orðræðugreiningu á dægurmenningu: sjónvarpsþætti, dagblöðum og tímaritum auk vefsíðna á tímabilinu 1989-2011. Helstu niðurstöður eru þær að sköpun karlmennsku verður til í samspili skapara og þess skapaða. Útrásarkarlmennskan, ríkjandi karlmennska tímabilsins, byggir m.a. á aðgangi að fjármagni, skrautfjöðurseiginkonu (e. *trophy wife*) og eignum sem gefa til kynna stöðu viðkomandi innan stigveldis karlmennskunnar.

Hermann Óskarsson, Háskólanum á Akureyri

Atvinnuþátttaka kynja á Akureyri frá 1860 til 1940

Í erindinu er fjallað um þróun atvinnuþátttöku kynjanna á Akureyri frá 1840 til 1940 í ljósi upplýsinga manntala. Úr manntölum má lesa hvernig nýir atvinnuhættir með einkennandi verkaskiptingu kynjanna og nýjum atvinnustéttum óx fram á Akureyri í kjölfar nýs samfélagsforms – markaðsþjófélagsins - sem varð að lokum megineinkenni íslensks þjófélags á síðari hluta 20. aldar. Með orðinu markaðsþjófélag er almennt átt við þjófélag sem einkennist af þróaðri verkaskiptingu og vettvangi fyrir framboð og eftirspurn vöru og þjónustu. Slíkt staðbundið markaðssamfélag myndaðist á Akureyri á löngum tíma frá miðri 16. öld. Hér er einkum horft til framvöxts verkalýðsstéttar á Akureyri á tímabilinu. Verkakonur á Akureyri störfuðu einkum á sviði framleiðslu vöru og þjónustu og á sviði endurnýjunar. Stærstur hluti karla starfaði á sviði framleiðslu en kvenna á sviði endurnýjunar. Konur voru fjölmennari en karlar í verkalýðsstétt í víðri merkingu frá 1860 til 1940 með tveimur undantekningum, þ.e. við manntölin 1880 og 1901. Karlar voru einnig fjölmennari 1930 og 1940.